

Máni Hrafnsson



Vestmannaeyjum 24. maí 2017
UST201705-023/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvíkmyndaleyfi - Surtsey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Mána Hrafnssonar, fyrir hönd France 5, dagsett 2. maí 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar í hálfan dag þann 29. maí 2017 vegna upptaka á efni fyrir franskan heimildarþátt.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótn jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:

Til stendur að taka upp stutt innslag frá þáttastjórnandanum fyrir franska heimildarmynd. Tilgangur takana í Surtsey er að fjalla um hvernig Íslendingar nýttu sér tilkomu Surtseyjar til góðs, í allskonar mikilvæga rannsóknarvinnu. Reiknað er með að fara með bát til Surtseyjar og tökurnar fara fram á einum stað til að takmarka röskun. Áætlað er að tökurnar taki alls 1-2 klst.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur kvíkmyndatökuna ekki líklega til að raska dýralífi svæðisins miðað við ofangreinda verkefnislýsingu. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í hálfan dag þann 29. maí 2017:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
 - Mani Hrafnsson
 - Sveinbjörn Björnsson
 - Laurent Lichtenstein
 - Heidi Sevestre
 - Olivier Marrache
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar fylgja með bréfi þessu.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.

- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit á meðan á leiðangrinum stendur. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvíkmyndatöku í atvinnuskyni innan friðlýstra svæða. Gjaldið er kr. 52.600, sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Kristín Kalmansdóttir
UMHVERFISSTOFNUN
Kt. 701002-2880
Kristín Kalmansdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur